

M-13/2009. Álit 29. apríl 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. apríl 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-13/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. febrúar s.l. báðu A og B, hér eftir nefnd X eða álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings frá fyrirtækinu Y, að fjárhæð kr. 1.046.607. Telja þau sér ekki skylt að greiða meira fyrir það verk sem reikningurinn nær til en kr. 643.167 sem þau hafa greitt. Krafa álitsbeiðanda er sú að viðurkennt verði að gagnaðila beri ekki hærri greiðsla fyrir verkið.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. febrúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og búrast þau 3. mars. Með bréfi, dags. 13. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og búrast þær 20. mars. Með bréfi, dags. 1. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa óskað eftir því að Y. gerði kostnaðaráætlun og/eða tilboð í vinnuþáttinn við endurbætur á baðherbergi í íbúð sinni. Endurbæturnar hafi verið þær að fjarlægja flísar, baðkar og innréttingar í baðherberginu, flísaleggja það á ný og setja upp nýjar innréttingar sturtuklefa og hreinlætistæki. Verkbeiðninni hafi fylgt þrívíddarteikningar af nýju baðherbergi ásamt grunnteikningu þar sem öll mál hafi komið fram. Hinn 23. október 2008 hafi verktakinn gert tilboð í vinnuþáttinn. Í tilboðinu stendur að forsendur þess sé munnleg lýsing verkkaupa. Einungis er boðið í vinnu og segir svo þar um:

Helstu verk og kostnaðarliði	Eining	Vinna heild
1. Fjarlægja flísar af veggjum gólfi og lofti slípa fyrir flísalögn	16	81.672
2. Fjarlægja baðkar og vegg við sturtu og sturtubotn taka skáp og farga	4	20.418
3. Tappa lagnir og breyta lögnum vegna nýrra tækja og handklæðaofn	10	51.045
4. Setja upp vegg við sturtu forma sturtubotn með vatnshalla	10	51.045
5. Flísaleggja vegg og gólf fúa og kítta	60	306.270
6. Setja upp innréttingu samkvæmt teikningu	14	71.463
7. Setja tæki v/ handlaug, sturtu, handklæðaofn og vc	12	61.254
Tilboð miðast við að verkkaupi útvegi það efni sem til verksins þarf.	128	643.167

Á grundvelli þessa tilboðs hafi verið undirritaður verksamningur, framkvæmdir hafist 4. nóvember og lokið 12. desember sl.

Álitsbeiðandi segist hafa keypt allt efni til verksins sem kostað hafi samtals kr. 884.470.

Reikningur frá verktakanum hafi verið að fjárhæð kr. 1.046.607 í stað kr. 643.167 eins og samið hafi verið um. Hafi hann mótmælt reikningnum sem of háum Álitsbeiðandi kveðst hafa lokið við að greiða kr. 643.167 8. janúar sl. og þar með verkið að fullu. Ágreiningur aðila standi því um kr. 403.440.

Reikningur verksalans er dags. 15. desember sl. Eru þar auk verks samkvæmt tilboði, kr. 516.600 auk virðisaukaskatts, tilgreind aukaverk með eftirfarandi hætti:

Lýsing	Magn	Einingaverð	Afsláttur(%)	Upphæð
Aukaverk smíðavinna	16	4.100	10	59.040
Aukaverk málara. Loft	12	4.100	10	44.280
Aukaverk rafvirkja	4	4.100	10	14.760
Aukaverk pípara/tryggingamál	13	4.100	10	47.970
Aukaverk. Förgun	2	3.790	10	6.822
Kostnaður við förgun (Sorpa)	4	1.000	0	4.000
Akstur-sendibíll. Sorpa	1	4.000	10	3.600
Akstur v/aukaverka og efnisöflun	6	1.750	10	9.450
Efniskaup	1	133.926	0	133.926

Samtals nema framangreindir liðir kr. 323.848 og með virðisaukaskatti kr. 403.191. Seðilgjald, kr. 249, er einn af reikningsliðum og nema því fjárhæðirnar samanlagt kr. 403.440.

Álitsbeiðandi segist hvað rökstuðning fyrir kröfu sinni varði vísa til bréfs sem hann hafi ritað verkkaupa 25. janúar sl. og eins til 29. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Segir síðan orðrétt í álitsbeiðninni:

„Öllum kröfum um greiðslur fyrir aukaverk sem fram koma í reikningi verktaka er vísað á bug enda ber verktaka skv. ákvæðum laga um þjónustukaup og ákvæðum verksamnings að tilkynna verkkaupa um ófyrirséð aukaverk en aldrei á meðan framkvæmdunum stóð var tilkynnt um slíkt, sbr. í þessu sambandi ákvæði 30.-31. gr. laga um þjónustukaup. Hið eina sem verkkaupi væri til viðræðu um í þessu sambandi svo allrar sanngirni sé gætt er aukaverk pípara (1389) vegna viðgerðar á röri á bak við baðkar sem reyndist leka, enda sé þá greitt fyrir það sanngjarnt og eðlilegt endurgjald en ekki það verð sem fram er sett í reikningi verktaka. Aukaverkum vegna smíðavinnu er vísað á bug enda hafa þau í samtölum við verktaka verið rökstudd með þeim fjarstæðukennda hætti að þau séu til komin þar sem verkkaupi hafi ekki sjálfur verið búinn að setja innréttingar saman áður en verktaki kom að verkinu til að setja hana upp!

Kröfur verktaka um greiðslu vegna efniskaupa, kr. 133.926.- fá ekki staðist enda hafi engar nótur eða kvittanir verið lagðar fram því til stuðnings. Auk þess er skipting kostnaðar í tilboði verktaka Efni 0% og vinna 100% og skv. 8. tl. tilboðs miðast það við að verkkaupi útvegi það efni er til verksins þarf. Hefur því verið lýst hér að framan að verkkaupi hefur lagt út vegna efniskaupa samtals kr. 884.470.- Loks leyfir verkkaupi sér að vísa til úrskurðar nefndarinnar í máli 4/2005, sem er um margt sambærilegt.“

IV Andsvör gagnaðila

Í andsvörum Y er sagt að álitsbeiðanda hafi 10. febrúar sl. verið send frekari sundurliðun t.a.m. á efniskaupum. Kemur og fram að fyrirtækið dragi til baka boð um afslátt af vinnuliðum aukaverka. Bréfið frá 10. febrúar er svohljóðandi:

„Tilboðið í baðherbergi skv sundurliðuðu tilboði dags. 23.10.2008. Tilboðsgerð var gerð á forsendum munnlegra lýsinga frá verkkaupa og tölvuteikninga sem aðeins voru leiðbeinandi. Verkkaupi átt að útvega/greiða efni sem til verksins þurfti hvort heldur væri keypt af verktaka eða ekki. Íhlutir/efni eru venju samkvæmt keyptir af iðnaðarmönnum en verkkaupi greiðir fyrir. Sjá sundurliðað excelskjál

Tilboðið lýsir aðeins þeim atriðum sem verktaki átti að gera en annað sem gert var í munnlegu umboði var aukaverk. Verktaki var í góðri trú og sambandi við verkkaupa allan verktímann.

Eins og verkkaupa er kunnugt um komu í ljós skemmdir í rörum. Það voru kallaðir til menn frá tryggingum til að meta það. Í kjölfar þess var farið í að gera við skemmdir samkvæmt umboði verkkaupa. Aukaverk pípara 13 klst.

Aukaverk smíðavinna: Innréttingar voru ósamsettar en í tilboði ver gert ráð fyrir að innrétting kæmi samsett/fullsmíðuð en í tilfalli þessu þurfti að skrúfa saman einingar og fleira. Aukaverk smíðavinna 16 klst.

Aukaverk rafvirkjavinna: Skipta þurfti um dósir í veggjum, færa dós í vegg. Sú vinna fór fram á upphafsdögum verksins. Tengivinna innréttingar var í tilboði og ekki rukkað fyrir þá tengivinnu en rukkað sem aukaverk að setja upp innstungu o.fl. Aukaverk rafvirkja 4 klst.

Aukavinna spörslun og málun: Á upphafsstigi var ákveðið að í tilboði fælist að fjarlægja flísar úr lofti. Engin afstaða var tekin til þess hvert yrði framhaldið eftir það. B, verkkaupi, tók síðan afstöðu um að sparsla og mála loft í samráði við C. Það verkefni var aldrei nefnt í tilboði. Aukaverk: Spörslun og málun 12 klst.

Orðið förgun kemur fyrir. Það er skilgreining að ekki sé ætlast til að niðurrifum fylgi endurnýting. Í 5 lið samnings undirrituðum af verkkaupa kemur skýrt fram að förgunarkostnaður sé á hendi verkkaupa. Verkkaupa gefst því kostur á að sjá um förgun sjálfur.

Sundurliðun efniskaupa. Excelskjali slegið upp samkvæmt verkbókhaldi. Efnisnótur eru í bókhaldi Y.

Y. gaf óumbeðinn 10% afslátt af vinnu iðnaðarmanna á aukaverk. Samtals afsláttur 4,7 klst. Einnig var veittur afsláttur af akstri. Samtals nam þessi afsláttur 25.719 á aukaverk og akstur.“

Andsvörum Y. fylgdi listi yfir efni í 26 liðum, hvenær það var keypt, sem var á tímabilinu frá 6. nóvember til 10. desember, og hvað efnið kostaði sundurliðað en heildarkostnaðurinn var kr. 166.738 með virðisaukaskatti.

Álitsbeiðninni fylgdi verksamningur undirritaður af álitsbeiðanda, B f.h. verkkaupa og C f.h. verktaka.

Í 4. gr. verksamningsins segir eftirfarandi:

„Öll verk sem ekki eru tilgreind undir verkliðum tilboðs kallast aukaverk. Verktaki skal gefa út sérstakan reikning vegna aukaverka að þeim loknum. Verktaka ber að tilkynna verkkaupa ef óvænt ófyrirséð aukaverk komi til og eru utan ramma tilboðsins.

Í 5. gr. verksamningsins segir eftirfarandi:

„Förgunarkostnaður er almennt ekki inní tilboðum verktaka og er sá kostnaður samkvæmt verðskrá/verðlagningu förgunarfyrtækja. Kostnaður vegna Sorpu greiðist af verkkaupa. Verktaka ber að lágmarka kostnað sem kostur er með hirðusemi og góðri flokkun. Umgengni og frágangur verktaka um verkstað skal vera góður. Verkkaupi leggur til allt efni vegna verksins.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi bendir á að Y hafi fengið teikningar í hendur sem tilboð hans hafi verið byggt á auk skoðunar á baðherberginu. Teikningarnar hafi ekki verið leiðbeinandi heldur grundvöllur tilboðsins. Álitsbeiðandi kveðst mótmæla efniskaupareikningi verksala sem órökstuddum enda fylgi honum engir reikningar fyrir úttektir og heldur ekki reikningar sem sýni að efnisúttektin hafi verið vegna baðherbergisins. Þá vísar álitsbeiðandi öllum kröfum verksala um aukaverk á bug og vísar sem fyrr til 30. og 31. gr. þjónustukaupalaga þar um og til 4. gr. verksamningsins. Hvergi kom fram að í tilboði að innrétting komi samsett og fullsmíðuð og fyrirtækinu hafi átt að vera ljóst að innréttingar komi aldrei samsettar.

Það sé rangt að rafvirki hafi skipt um dósir í veggjum og fært eina dós. Hið eins sem rafvirki hafi þurft að gera hafi verið að skipta um kló í vegg við spegil en sjáanlegt hafi verið við vettvangsskoðun að það þyrfti að gera. Verkaupi hafi sjálfur séð um að færa til dós í vegg og viðurkennt sé af hálfu verktaka að tengivinna vegna innréttinga sé inni í tilboðinu.

Þá sé mótmælt þeirri fullyrðinu að verkaupi, B, hafi tekið ákvörðun um að sparsla og mála loft í samráði við C. Þvert á móti komi fram á myndum frá fyrirtækinu E að mála hafi átt loftið. Framangreind verk hafi því hvorki verið óvænt né ófyrirséð miðað við þær forsendur sem legið hafi til grundvallar tilboði, þ.e. tölvumyndir, vettvangsskoðun og verkbeiðni. Verksali hafi aldrei nefnt að hann yrði að krefja verkkaupa um greiðslu umfram það sem samið hafi verið um. Hafi verktaka orðið á við gerð og framsetningu tilboðs verði hann sjálfur að bera hallan af því.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðenda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um þjónustukaup, sbr. ákvæði 1. gr. laganna.

Álitsbeiðandi, B, undirritaði verksamning við Y. 3. nóvember á grundvelli tilboðs sem fyrirtækið hafði gert í sjö verkþætti við breytingar á baðherbergi. Verkaupi skyldi

útvega það efni sem þurfti til verksins. Verksali gerði verkkaupa reikning fyrir ákveðnum aukaverkum sem verkkaupi telur sig ekki eiga að greiða en verksali hafi aldrei tilkynnt verkaupa um ófyrirséð aukaverk á meðan framkvæmdunum stóð og vísar þar um til 30.-31. gr. þjónustukaupalaga og 4. gr. verksamnings aðila. Í 4. gr. verksamningsins segir að öll verk sem ekki séu tilgreind undir verkliðum tilboðs kallist aukaverk og skuli verksali gefa út sérstakan reikning vegna þeirra þegar þau hafi verið unnin.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þjónustukaupalaga ber seljanda þjónustu að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi þá óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk. Í 2. mgr. 8. gr. eru ákvæði um það hvernig með skuli fara náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests. Í 3. mgr. segir síðan að hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði laganna beri honum greiðsla fyrir verkin samkvæmt ákvæðum VII. kafla, en þar eru ákvæði um verð þjónustu.

Samkvæmt 6. lið í tilboði tók verksali að sér að setja upp innréttingar samkvæmt teikningu og er þá væntanlega verið að vísa til þeirra grunn- og rúmteikninga sem álitsbeiðninni fylgdu. Ekkert kemur fram um það í tilboði eða verksamningi hvort miðað var við að innréttingar væru samsettar eða ósamsettar. Verksali segir að tilboðið hafi verið miðað við að innréttingarnar kæmu samsettar og gerir kröfu til þess að fá greidda 16 klst. vinnu fyrir að setja þær saman. Ekkert er upplýst um það að verksali hafi gert verkkaupa viðvart um það áður en hann hóf að setja saman innréttingarnar að kostnaður við það verk væri ekki innifalin í tilboðsverði. Verksala hefði verið rétt, sbr. síðari málslið 1. mgr. 8. gr. þjónustukaupalaga, að gera verkkaupa grein fyrir þessu áður en hann vann verkið. Verkkaupi hefði þannig átt þess kost að vinna sjálfur eða láta vinna verkið með öðrum hætti. Af því að svo var ekki þykir verkkaupi ekki eiga rétt á að fá sérstaklega greitt fyrir samsetningu innréttinganna.

Eins og fram er komið var verkið í því fólgið að innrétta baðherbergi á nýjan leik. Ekki er annað að sjá en álitsbeiðendur hafi búið í íbúðinni meðan á verkinu stóð og hafi þannig fylgst eða getað fylgst með framvindu þess. Ekkert kemur fram í tilboði um að það nái til þess að sparsla loft og mála heldur einungis að rífa flísar af veggjum, gólfu og lofti og slípa fyrir flísalögn. Ekki kemur fram í tilboðinu að loftið hafi átt að flísaleggja á ný heldur átti að flísaleggja vegg og gólf, fúa og kítta.

Að sögn verksala var loftið sparslað og málað samkvæmt ákvörðun annars álitsbeiðanda og telur kærunefndin að á því megi byggja, enda harla ólíklegt að verksali hefði tekið upp hjá sjálfum sér að ráðast í þá framkvæmd..

Þá kemur heldur ekki fram að tilboðið nái til þess að skipta um rafmagnsdósir í veggjum og færa rafmagnsdós. Hjá álitsbeiðanda kemur fram að rafvirki hafi komið á staðinn tvisvar sinnum og hlýtur það að hafa verið með vitund hans og vilja. Álitsbeiðandi vill hins vegar meina að verk rafvirkjans hafi verið lítilfjörleg en samkvæmt reikningi verksala er rafvirkja reiknuð 4 klst. vinna. Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi hafi ekki leitt í ljós að sú vinna sé ofreiknuð.

Þá þurfti að kalla til pípu­lagningamann vegna þess að komið hafi í ljós skemmdir í rörum sem viðkemur tilboðinu ekki en eflaust hefur verið nauðsynlegt að endurnýja rörin. Að því er þetta verk varðar má segja að umsögn álitsbeiðanda um það feli í sér viðurkenningu á því að það hafi þurft að vinna og hafi verið utan tilboðs verksala.

Kærunefndin álitur að í þeim þremur tilvikum sem að framan eru nefnd hafi verið um aukaverk að ræða sem yfirgnæfandi líkur séu á að hafi verið framkvæmd í nægilegu samráði við verkaupa samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 8. gr. þjónustukaupalaganna, og eigi hann því rétt á að fá greitt fyrir þau.

Í 5. gr. verksamnings aðila er tekið fram að förgunarkostnaður sé almennt ekki inni í tilboðum verktaka og sé sá kostnaður samkvæmt verðskrá eða verðlagningu förgunarfyrtækja. Í 2. verklið tilboðs segir að: „Fjarlægja baðkar og vegg við sturtu og sturtubotn taka skáp og farga.“ Samkvæmt þessu er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðendur hafi mátt treyst treysta því að inni í tilboðinu væri sá kostnaður við förgun sem verkinu fylgdi og þykir verksali því ekki geta gert þeim reikning fyrir förgun.

Í tilboðinu segir að það miðist við að verkkaupi útvegi það efni sem til verksins þurfi. Einn kostnaðarliður á reikningi verksala er fyrir efniskaup hans, kr. 133.926, auk virðisaukaskatts. Síðar mun hann hafa sent lista yfir það efni sem reikningurinn náði til en ekki fylgiskjöl. Við sjö liði á þessum lista er merk að þeir varði tryggingamál, en sem fyrr segir þurfti að gera við lekt rör í baðherberginu. Aðrir liðir eru þess efnis að yfirgnæfandi líkur eru á að það efni sem þeir ná til hafi þurft til verksins. Ekkert kemur fram um það hvort verksali fór þess á leit við álitsbeiðendur að þeir útveguðu þetta efni. Hins vegar telur kærunefndin óhætt að byggja niðurstöðu sína á því að efnið hafi þurft að nota til verksins og hafi það ekki verið gert í óþökk álitsbeiðanda. Það er því niðurstaða kærunefndarinnar að álitsbeiðendur verði að greiða fyrir efnið og útvegum þess.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að álitsbeiðendur eigi að greiða auk tilboðsverðsins kr. 516.600, vinnu málara kr. 44.280, vinnu rafvirkja kr. 14.760 og vinnu pípulagningamanns 47.970. Þá eigi þau einnig að greiða akstur vegna aukaverka og efnisöflunar kr. 9.450 og efniskaupin sjálf kr. 133.926 og allar fjárhæðirnar með virðisaukaskatti. Nema fjárhæðirnar þannig kr. 766.986 og með virðisaukaskatti kr. 954.898. Af þessari fjárhæð hafa álitsbeiðendur greitt kr. 643.167. Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að álitsbeiðendur eigi að greiða Y. kr. 311.731.

Rétt er að taka fram að kærunefndin lítur svo á að þar sem álitsbeiðendum var gerður reikningur fyrir aukaverk með afslætti sé Y bundinn af reikningnum í því formi sem hann var sendur álitsbeiðendum.

VII

Álitsorð

Álitsbeiðendur, A og B, greiði Y kr. 311.731.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir